

**VIÐAUKI I**  
**SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS**

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

## 1. HEITI LYFS

Silgard stungulyf, dreifa.  
Silgard stungulyf, dreifa í áfylltri sprautu.

Bóluefni gegn mannapíllomaveiru (HPV) [af gerðum 6, 11, 16, 18] (raðbrigða, aðsogað).

## 2. INNIHALDSLÝSING

1 skammtur (0,5 ml) inniheldur u.þ.b.:

Mannapíllomaveira <sup>1</sup> af gerð 6 L1 prótein <sup>2,3</sup>	20 míkrogrömm
Mannapíllomaveira <sup>1</sup> af gerð 11 L1 prótein <sup>2,3</sup>	40 míkrogrömm
Mannapíllomaveira <sup>1</sup> af gerð 16 L1 prótein <sup>2,3</sup>	40 míkrogrömm
Mannapíllomaveira <sup>1</sup> af gerð 18 L1 prótein <sup>2,3</sup>	20 míkrogrömm.

<sup>1</sup> Mannapíllomaveira = HPV.

<sup>2</sup> L1 prótein í formi veirulíkra agna framleiddra í gerfrumum *Saccharomyces cerevisiae* CANADE 3C-5 (stofn 1895) með raðbrigða erfðatækni.

<sup>3</sup> aðsogað á myndlaust ál-hýdroxý-fosfat-súlfat hjálparefni (0,225 milligrömm/l).

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

## 3. LYFJAFORM

Silgard stungulyf, dreifa.  
Silgard stungulyf, dreifa í áfylltri sprautu.

Áður en Silgard er hrist getur það litið út sem tár vökvi með hvítu botnfalli. Eftir að hafa verið hrist vandlega kemur Silgard fram sem hvítur, ógaggsær vökvi.

## 4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

### 4.1 Ábendingar

Silgard er bóluefni til notkunar frá 9 ára aldri til forvarnar gegn:  
forstígu krabbameini í vefskemmdum á kynfærum (leghálsi, sköpum og leggöngum), forstígu krabbameini í vefskemmdum á endaparmi, leghálskrabbameini og krabbameini í endaparmi sem orsakast af vissum æxlisvaldandi mannapíllomaveirum (HPV gerðum)  
kynfæravöktum (condyloma acuminata) sem orsakast af ákveðnum HPV gerðum

Sjá mikilvægar upplýsingar sem styðja þessa notkun í köflum 4.4 og 5.1

Þar sem við á skal notkun Silgard ákvörðuð samkvæmt opinberum tilmælum.

### 4.2 Skammtar og lyfjagjöf

#### Skammtar

*Einstaklingar 9 ára til og með 13 ára*

Silgard má gefa samkvæmt tveggja skammta bólusetningaráætlun (0,5 ml við 0, 6 mánuði) (sjá kafla 5.1).

Ef seinni skammturinn af bóluefninu er gefinn innan 6 mánuða frá fyrsta skammti, á alltaf að gefa

þriðja skammt.

Einnig má gefa Silgard samkvæmt þriggja skammta bólusetningaráætlun (0,5 ml við 0, 2, 6 mánuði). Gefa ætti annan skammtinn minnst 1 mánuði eftir fyrsta skammt og þriðja skammtinn minnst 3 mánuðum eftir annan skammt. Gefa skal alla skammtana þrjá á 1 árs tímabili.

#### *Einstaklingar 14 ára og eldri*

Silgard skal gefið samkvæmt þriggja skammta bólusetningaráætlun (0,5 ml við 0, 2, 6 mánuði).

Gefa ætti annan skammtinn minnst 1 mánuði eftir fyrsta skammt og þriðja skammtinn minnst 3 mánuðum eftir annan skammt. Gefa skal alla skammtana þrjá á 1 árs tímabili.

Nota skal Silgard samkvæmt opinberum leiðbeiningum.

#### *Börn*

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun Silgard hjá börnum yngri en 9 ára. Engar upplýsingar eru fyrirbyggjandi (sjá kafla 5.1).

Mælt er með því að einstaklingar sem fá fyrsta skammt af Silgard ljúki bólusetningaráætluninni með Silgard (sjá kafla 4.4).

Þörfin fyrir örvunarskammt hefur ekki verið metin.

#### Lyfjafjölf

Bóluefnið á að gefa í vöðva. Kjörstungustaður er axlaryöðvi eða hliðlægt framan í lærvöðva.

Silgard má ekki sprauta í æð. Hvorki hafa verið gerðar rannsóknir á lyfjagjöf undir húð né í húð og því er slíkt ekki talið ráðlegt (sjá kafla 6.6).

### **4.3 Frábendingar**

Ofnæmi fyrir virku efnunum eða einn eða hjálparefna bóluefnisins.

Einstaklingar sem fá einkenni sem gefa til kynna ofnæmi eftir að hafa fengið skammt af Silgard ættu ekki að fá fleiri skammta af Silgard.

Fresta skyldi inngjöf Silgard hjá einstaklingum sem þjást af bráðum og alvarlegum sjúkdómi sem fylgir hiti. Hins vegar er sálur eins og væg öndunarfærasýking eða vægur hiti ekki frábending hvað varðar ónæmisáðgerð.

### **4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun**

Við ávörðun um að bólusetja einstakling ætti að taka tillit til áhættu vegna fyrri útsetningar fyrir HPV og mögulegs ávinnings af bólusetningunni.

Enn og á við um öll bóluefni í formi stungulyfja skyldi viðeigandi lækni meðferð ávallt vera til reiðu ef upp koma sjaldgæf bráðaofnæmisviðbrögð eftir að bóluefnið gefið.

Yfirlíð (aðsvif), stundum ásamt falli, getur komið fyrir í kjölfarið á eða jafnvel á undan hvaða bólusetningu sem er, sérstaklega hjá unglíngum sem sálræn viðbrögð við inndælingu með nál. Þeim geta fylgt ýmis konar taugafræðileg einkenni eins og skammvinn sjóntruflun, tilfinningaglöp og vöðvakippa- og vöðvaþanshreyfingar (tonic-clonic movements) meðan á bata stendur. Því skal fylgjast með bólusetnum einstaklingum í um 15 mínútur eftir bólusetningu. Mikilvægt er að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiðsli vegna aðsvifa.

Eins og á við um öll bóluefni er hugsanlegt að bólusetning með Silgard veiti ekki sjúkdómsvörn hjá öllum bólusettingum einstaklingum.

Silgard veitir aðeins vörn gegn sjúkdómum af völdum mannapiillomaveiru af gerð 6, 11, 16 og 18 og að takmörkuðu leyti gegn sjúkdómum af völdum mannapiillomaveiru af skyldum gerðum (sjá kafla 5.1). Því skal nota áfram allar viðeigandi varnir gegn kynsjúkdómum.

Silgard er eingöngu ætlað sem fyrirbyggjandi meðferð og hefur engin áhrif á virkar HPV sýkingar eða staðfestan klínískan sjúkdóm. Ekki hefur verið sýnt fram á lækningagildi Silgard. Því er bóluefnið ekki ætlað til meðferðar á leghálskrabbameini, vefskemmdum á háu stigi í leghálsi, sköpum og leggöngum eða kynfæravörtum. Það er heldur ekki ætlað til að hindra framgang annarra meinsemda af völdum mannapiillomaveiru.

Silgard kemur ekki í veg fyrir vefskemmdir vegna HPV gerðar bóluefnisins hjá einstaklingum sem eru sýktar af þeirri HPV gerð við bólusetningu (sjá kafla 5.1).

Við notkun Silgard hjá fullorðnum konum ætti að taka tillit til breytilegrar útbreiðslu HPV gerðar á mismunandi landsvæðum.

Bólusetning kemur ekki í stað reglulegrar leghálsskoðunar. Þar sem ekkert hefur verið sýnt fram á 100% virkni og Silgard veitir ekki vörn gegn hverjum HPV stofni eða gegn núverandi HPV sýkingum, er mikilvægt að fara í reglulega leghálsskoðun samkvæmt skipulagi í hverju landi.

Öryggi og ónæmingargeta bóluefnisins hefur verið metin hjá einstaklingum á aldrinum 7 til 12 ára sem vitað er að eru smitaðir af eyðniveiru (HIV) (sjá kafla 5.1). Einstaklingar með skerta ónæmissvörun annað hvort vegna ónæmisbælandi meðferðar, erfðagalla eða af öðrum orsökum sýna hugsanlega enga svörun við bóluefni.

Aðgát skal viðhöfð þegar bóluefnið er gefið einstaklingum með blóðflagnafæð eða storknunarraskanir af einhverjum toga þar sem hugsanlegt er að blæðingaleið sé stað eftir lyfjagjöf í vöðva hjá þessum einstaklingum.

Langtímarannsóknir standa nú yfir til að ávarða hve lengi verndin varir (sjá kafla 5.1).

Ekki eru nein öryggis-, ónæmingargeta- eða verkunargögn sem styðja það að hægt sé að skipta Silgard út fyrir önnur HPV bóluefni sem ná ekki yfir sömu gerðir HPV. Þess vegna er mikilvægt að sama bóluefnið sé notað í öllum skömmtum sem gefnir eru skv. áætluninni.

#### 4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Í öllum klínískum rannsóknum voru einstaklingar sem fengið höfðu immúnóglóbúlín eða blóðafurðir á 6 mánaða tímabili fyrir fyrsta bólusetningarskammtinn undanskildir.

##### Notkun ásamt öðrum bóluefnum

Samtímis lyfjagjöf með Silgard (en á annan stungustað hvað varðar bóluefni sem stungulyf) og bóluefni gegn lifrabólgu B (raðbrigða-) hafði ekki áhrif á ónæmissvörun við HPV gerðum. Hlutfall mótefnavarnar (hlutfall einstaklinga sem ná mótefnavörn gegn lifrabólgu B  $\geq 10$  ma.e./ml) var óbreytt (96,5% fyrir samtímis bólusetningu og 97,5% fyrir bólefni gegn lifrabólgu B eingöngu). Meðaltals mótefnatíttir gegn lifrabólgu voru lægri við samtímis gjöf, klínískt mikilvægi þess er þó ekki þekkt.

Silgard má gefa samhliða endurbólusetningu með samsettu bóluefni við barnaveiki (d) og stífkrampa (T), með annað hvort kíghósta [ekki frumutengt] (ap) og/eða mænusótt [óvirkjuð] (IPV) (dTap, dT-IPV, dTap-IPV bóluefni) án marktækra áhrifa á mótefnasvar hvors bóluefnis fyrir sig. Samt sem áður, var tilhneiging til lægri margfeldismeðaltalstíttra (GMT) gegn HPV hjá hópnum sem fékk samhliða bólusetningu. Klínísk gildi þessa eru ekki þekkt. Þessar niðurstöður byggja á útkomu klínískra rannsókna þar sem samhliða bólusetning með samsettu dTap-IPV bóluefni var gefið samhliða fyrsta

skammti af Silgard (sjá kafla 4.8).

Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á samhliða lyfjagjöf Silgard og annarra bóluefna en þeirra sem eru nefnd hér að ofan.

#### Notkun samhliða hormónagetnaðarvarnar

Í klínískum rannsóknum notuðu 57,5% kvenna á aldrinum 16 til 26 og 31,2% kvenna á aldrinum 24 til 45 ára sem fengu Silgard hormónagetnaðarvörn á bólusetningartímabilinu. Notkun hormónagetnaðarvarna virtist ekki hafa áhrif á ónæmissvörun við Silgard.

### **4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf**

#### Meðganga

Ekki voru framkvæmdar sértækar rannsóknir á bóluefninu hjá þunguðum konum. Meðan á klínískri þróunaráætlun fyrir skráningu stóð var tilkynnt um að minnsta kosti eina þungun hjá 3.819 konum (bóluefni = 1.894, lyfleysa = 1.925). Ekki var marktækur munur á frávikum eða á hlutfalli þungana, sem reiddi illa af hjá þeim sem fengu Silgard og einstaklingum sem fengu lyfleysu. Þessi gögn um þunguðar konur (fleiri en 1.000 niðurstöður) bentu ekki til neinnar vansköpunar né eiturvekunar á fóstur/nýbura.

Engin hættumerki komu fram við notkun Silgard á meðgöngu. Hins vegar eru þetta ekki nægileg gögn til að mæla með notkun Silgard á meðgöngu. Bólusetningu ætti að presta þar til eftir meðgöngu.

#### Brjóstagjöf

Hjá konum með börn á brjósti sem var gefið Silgard eða lyfleysa á bólusetningartímabili í klínískum rannsóknum var tíðni aukaverkana hjá móður og barni á brjósti sambærileg hjá bólusetningar- og lyfleysuhópunum. Auk þess var ónæmissvörun við bóluefninu sambærileg hjá konum með börn á brjósti og konum sem ekki gáfu brjóst meðan á bólusetningunni stóð.

Silgard má því nota við brjóstagjöf.

#### Frjósemi

Dýrarannsóknir benda hvorki til beinna né óbeinna skaðlegra áhrifa með tilliti til eiturvekunar á æxlun (sjá kafla 5.3). Ekki komu fram áhrif á frjósemi hjá karlkynsrottum (sjá kafla 5.3).

### **4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla**

Engar rannsóknir hafa verið gerðar til að kanna áhrif lyfsins á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

### **4.8 Aukaverkanir**

#### **A. Samantekt um öryggi**

Í klínískum rannsóknum (6 samanburðarrannsóknir með lyfleysu) fengu einstaklingar Silgard eða lyfleysu á fyrsta degi rannsóknarinnar og svo u.þ.b. 2 og 6 mánuðum seinna. Fáir einstaklingar (0,2%) hættu þátttöku vegna aukaverkana. Öryggi var metið, annað hvort hjá rannsóknarþýðinu í heild (6 rannsóknir) eða hjá fyrirfram ákveðnu undirurtaki (ein rannsókn) rannsóknarþýðisins með eftirliti þar sem notuð voru tilkynningarspöld í tengslum við bólusetningu (VRC) í 14 daga eftir hvern skammt af Silgard eða lyfleysu. Fylgst var með 10.088 einstaklingum (6.995 konur á aldrinum 9 til 45 ára og 3.093 karlmenn á aldrinum 9 til 26 ára við upphaf rannsóknarinnar) sem fengu Silgard og 7.995 einstaklingum (5.692 konur og 2.303 karlar) sem fengu lyfleysu með VRC-studdu eftirliti.

Algengustu aukaverkanirnar sem fram komu voru viðbrögð á stungustað (77,1% þeirra sem voru

bólusettir innan 5 daga eftir læknisheimsókn vegna bólusetningar) og höfuðverkur (16,6% þeirra sem voru bólusettir). Þessar aukaverkanir voru yfirleitt vægar til miðlungs alvarlegar.

## B. Tafla með samantekt aukaverkana

### Klínískar rannsóknir

Taflan 1 sýnir bóluefnistengdar aukaverkanir sem komu fram hjá þátttakendum sem fengu Silgard með tíðni minnst 1,0% og einnig hærrí en fram kom hjá þeim þátttakendum sem fengu lyfleysu.

Aukaverkanirnar eru flokkaðar eftir mismunandi tíðnifyrirsögnum á eftirfarandi hátt:

[Mjög algengar ( $\geq 1/10$ ), algengar ( $\geq 1/100$  til  $<1/10$ ), sjaldgæfar ( $\geq 1/1.000$  til  $<1/100$ ), mjög sjaldgæfar ( $\geq 1/10.000$  til  $<1/1.000$ ), koma örsjaldan fyrir ( $<1/10.000$ )]

### Reynsla eftir markaðssetningu

Taflan 1 sýnir einnig aukaverkanir sem tilkynnt var um eftir markaðssetningu Silgard um heim tilan. Vegna þess að aukaverkanatilkynningarnar eru frá hópi af óþekktri stærð, er ekki alltaf hægt að meta með áreiðanlegum hætti tíðni þeirra eða ganga úr skugga um orsakasamhengi við notkun bóluefnisins. Þar af leiðandi er tíðni þessara aukaverkana merkt með „ekki þekkt“.

Tafla 1: Aukaverkanir eftir lyfjagjöf með Silgard sem fram komu í klínískum rannsóknum og við eftirlit eftir markaðssetningu

Flokkun eftir líffærum	Tíðni	Aukaverkanir
Sýkingar af völdum sýkla og sníkjudýra	Tíðni ekki þekkt	Netjubólgi á stungustað*
Blóð og eitlar	Tíðni ekki þekkt	Sjálfráttinn blóðflagnafæðarpurpuri*, eitlastakkun*
Ónæmiskerfi	Tíðni ekki þekkt	Ónæmisviðbrögð, m.a. bráðaofnæmi/bráðaofnæmislík viðbrögð*
Taugakerfi	Mjög algengar	Höfuðverkur
	Tíðni ekki þekkt	Bráð, dreifð heila- og mænubólga*, sundl <sup>1</sup> *, Guillain-Barré heilkenni*, aðsvif sem stundum fylgir vöðvakippa- vöðvaþanshreyfingar*
Meltingarfæri	Algengar	Ogledí
	Tíðni ekki þekkt	Uppköst*
Stoðkerfi og stoðvefur	Algengar	Verkir í útlimum
	Tíðni ekki þekkt	Liðverkir*, vöðvaverkir*
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	Mjög algengar	Á stungustað: roði, verkir, bólga
	Algengar	Sótthiti Á stungustað: margúll, kláði
	Tíðni ekki þekkt	Þröttleysi*, kuldahrollur*, þreyta*, lasleiki*

\*Aukaverkanir eftir markaðssetningu (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum).

<sup>1</sup>Í klínískum rannsóknum var sundl algeng aukaverkun hjá konum. Hjá körlum kom sundl ekki fram með meiri tíðni hjá þeim sem fengu bóluefni en hjá þeim sem fengu lyfleysu.

Að auki komu fram aukaverkanir í klínískum rannsóknum sem taldar voru tengjast bóluefni eða lyfleysu, en þær komu fram hjá færri en 1%.

Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti:

Örsjaldan koma fyrir: Berkjukrampi.

Húð og undirhúð:

Mjög sjaldgæfar: Ofsakláði.

Tilkynnt var um níu tilfelli (0,06%) um ofsakláða í Silgard hópnum og 20 tilfelli (0,15%) í lyfleysu hópnum sem einnig innihélt ónæmisglæði.

Einstaklingar í klínísku rannsókninni skráðu læknisfræðilegt ástand sitt í eftirfylgni. Af þeim 15.706 einstaklingum sem fengu Silgard og þeim 13.617 einstaklingum sem fengu lyfleysu komu fram 39 tilvik af ósértækri gigt/liðsjúkdómi, 24 í Silgard hópnum og 15 í lyfleysuhópnum.

Í klínískri rannsókn með 843 heilbrigðum körlum og konum á aldrinum 11-17 ára, komu fram meiri bólgur á stungustað og aukinn höfuðverkur eftir samhliða bólusetningu með fyrsta skammti af Silgard, þegar bólusetningin var gefin samhliða endurbólusetningu með samsettu bóluefni við barnaveiki, stífkrampa, kíghósta [ekki frumutengt] og mænusótt [óvirkjuð]. Mismunurinn var < 10% og hjá flestum einstaklingum voru aukaverkanirnar sagðar vera vægar til miðlungsmiklar.

#### Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix VI](#).

### **4.9 Ofskömmun**

Tilkynnt hefur verið um að gefnir hafi verið stærri skammtar af Silgard en ráðlagt er.

Yfirleitt voru aukaverkanir sem tilkynnt var um í sambandi við ofskömmun sambærilegar við þær sem fram komu eftir ráðlagða staka skammta af Silgard.

## **5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR**

### **5.1 Lyfhrif**

Flokkun eftir verkun: Veirubóluefni, ATC flokkur: J07BM01

#### *Verkunarháttur*

Silgard er raðbrigða ónæmisglætt bóluefni sem veldur ekki sýkingu, er fjórþætt og er framleitt úr háhreinsuðum veirulíkum öngnum (VLP) úr mikilvægum próteínum veiruskurnar HPV gerða 6, 11, 16 og 18. VLP agnirnar innihalda ekkert veiru DNA, þær geta ekki smitað frumur, fjölgað sér eða valdið sjúkdómi. HPV smitast töcins hjá mönnum en dýrarannsóknir á samskonar papillomaveirum gefa til kynna að virkni LI VLP bóluefna er háð vessaónæmissvörun.

Áætlað er að HPV 16 og HPV 18 valdi u.þ.b. 70% tilfella leghálskrabbameina og 75-80% tilfella krabbameina í endaparmi; 80% staðbundinna kirtilþekjukrabbameina (AIS); 45-70% leghálsfrumubreytinga á háu stigi (CIN 2/3); 25% leghálsfrumubreytinga á lágu stigi (CIN 1); u.þ.b. 70% HPV tengdra frumubreytinga í sköpum (VIN 2/3) og leggöngum (VaIN 2/3) á háu stigi og 80% HPV tengdra þekjufrumubreytinga í endaparmi á háu stigi (AIN 2/3). HPV 6 og 11 valda u.þ.b. 90% tilfella af kynfæravörtum og 10% leghálsfrumubreytinga á lágu stigi (CIN 1). CIN 3 og staðbundið kirtilþekjukrabbamein (AIS) eru viðurkenndir undanfarar ífarandi leghálskrabbameins.

Hugtakið „forstig krabbameins í vefskemmdum á kynfærum“ í kafla 4.1 samsvarar leghálsfrumubreytingum á háu stigi (CIN 2/3), frumubreytingum í sköpum á háu stigi (VIN 2/3) og frumubreytingum í leggöngum á háu stigi (VaIN 2/3).

Hugtakið „forstig krabbameins í vefskemmdum á endaparmi“ í kafla 4.1 vísar til þekjufrumubreytinga í endaparmi á háu stigi (AIN 2/3).

Ábendingin byggir á virkni sem sýnt hefur verið fram á hjá konum 16 til 45 ára og hjá körlum 16 til 26

ára og á ónæmingargetu Silgard hjá 9 til 15 ára börnum og unglíngum.

### *Klínískar rannsóknir*

#### Virgni hjá konum á aldrinum 16 til 26 ára

Virgni Silgard hjá konum á aldrinum 16 til 26 ára var metin í 4 tvíblindum lyfleysustýrðum, slembuðum samanburðarrannsóknum á stigi II og III sem samanstóðu af 20.541 konum sem var gefið Silgard án þess að áður hafi farið fram leit að HPV sýkingu.

Aðal lokaviðmið virkni var tíðni HPV 6, 11, 16 eða 18 tengdra sjúkdóma (kynfæravörtur, VIN, VaIN) og CIN af öllum gerðum og leghálskrabbamein (rannsóknaráætlun 013, FUTURE I). HPV 16- eða 18- tengd CIN 2/3 og AIS og leghálskrabbamein (rannsóknaráætlun 015, FUTURE II), HPV 6, 11, 16, eða 18 tengd þrálát sýking og sjúkdómur (rannsóknaráætlun 007) og HPV 16 tengd þrálát sýking (rannsóknaráætlun 005). Fyrstu greiningar á virkni með tilliti til HPV-gerða í bóluefninu (HPV 6, 11, 16 og 18) voru gerðar hjá rannsóknarþýði samkvæmt rannsóknaráætlun um virkni (þ.e. hjá einstaklingum þar sem allar 3 bólusetningarnar voru gerðar innan árs frá skráningu, en mikilvæg frávik voru frá rannsóknaráætlun og viðkomandi höfðu ekki smitast af viðkomandi HPV gerð fyrir fyrsta skammtinn og í 1 mánuð eftir 3. skammtinn (7. mánuð)).

Niðurstöður um virkni eru sýndar fyrir sameiginlega greiningu á rannsóknaráætlunum. Virkni fyrir HPV 16/18 tengd CIN 2/3 eða AIS er byggð á upplýsingum úr rannsóknaráætlunum 005 (einungis lokaviðmið sem tengist 16), 007, 013 og 015. Virknin fyrir öll önnur lokaviðmið er byggð á rannsóknaráætlunum 007, 013 og 015. Miðgildi fyrir eftirfylgnitímabil fyrir þessar rannsóknir var 4,0 ár fyrir rannsóknaráætlun 005, 3,0 ár fyrir rannsóknaráætlun 007, 3,0 ár fyrir rannsóknaráætlun 013 og 3,0 ár fyrir rannsóknaráætlun 015. Miðgildi fyrir eftirfylgnitímabil fyrir sameinaðar rannsóknaráætlanir (005, 007, 013 og 015) var 3,6 ár. Niðurstöður úr einstökum rannsóknum studdu niðurstöðurnar úr sameinuðu greiningunni. Silgard var þrangursríkt gegn HPV sjúkdómi af völdum allra fjögurra gerða HPV í bóluefninu. Í lok rannsóknar var einstaklingur sem tóku þátt í III stigs rannsóknunum tveimur (rannsóknaráætlun 013 og rannsóknaráætlun 015) fylgt eftir í allt að 4 ár (miðgildi 3,7 ár).

Leghálfrumubreytingar (CIN) á stigi 2/3 (á miðstigi til háu stigi) og staðbundið kirtilþekjukrabbamein (AIS) voru notaðar sem klínískt kemilíki fyrir leghálskrabbamein.

Í langtímaframhaldshluta rannsóknaráætlunar 015 var fylgst með 2.084 konum sem bólusettar voru með Silgard á aldrinum 16-26 ára í grunnrannsókninni. Hjá rannsóknarþýði skv. rannsóknaráætlun komu ekki fram nein tilvik HPV-sjúkdóma (HPV-6/11/16/18 tengdar leghálfrumubreytingar á háu stigi) í allt að u.þ.b. 12 ár. Í rannsókninni var sýnt fram á með tölfræðilega marktækum hætti að varanleg vernd var í allt að 10 ár.

#### Virgni hjá konum sem ekki höfðu áður fengið viðkomandi HPV gerð bóluefnis

Byrjað var að mæla virkni eftir heimsókn í 7. mánuði. Alls höfðu 73% konur ekki áður fengið neinar af 4 HPV gerðunum (PCR neikvæðar og mótéfnaneikvæðar) við skráningu.

Niðurstöður um virkni fyrir viðkomandi lokaviðmið 2 árum eftir skráningu í rannsókn og í lok rannsóknar (miðgildi eftirfylgnitímabils = 3,6 ár) hjá einstaklingum sem fylgdu rannsóknaráætlun eru sýndar í töflu 2.

Virgni Silgard var metin gegn CIN 3 og AIS sem tengdust HPV 16/18 í viðbótargreiningu.



Tafla 2: Greining á virkni Silgard gegn vefskemmdum í leghálsi á háu stigi í hjá sjúklingum sem fylgdu rannsóknaráætlun

	Silgard	Lyfleysa	% Virkni eftir 2 ár (95% CI)	Silgard	Lyfleysa	% Virkni*** í lok rannsóknar (95% CI)
	Fjöldi tilfella	Fjöldi tilfella		Fjöldi tilfella	Fjöldi tilfella	
	Fjöldi einstaklinga *	Fjöldi einstaklinga *		Fjöldi einstaklinga *	Fjöldi einstaklinga *	
HPV 16/18-tengd CIN 2/3 eða AIS	0 8487	53 8460	100,0 (92,9, 100,0)	2** 8493	112 8464	98,2 (93,5; 99,8)
HPV 16/18-tengd CIN 3	0 8487	29 8460	100 (86,5, 100,0)	2** 8493	64 8464	96,0 (88,4; 99,6)
HPV 16/18-tengd AIS	0 8487	6 8460	100 (14,8, 100,0)	0 8493	7 8464	100 (30,6; 100,0)

\*Fjöldi einstaklinga með minnst eina eftirfylgni eftir sjöunda mánuð

\*\*Byggt á veirufræðiummerkjum fyrsta tilfellis af CIN 3 í sjúklingi með þráláta sýkingu af HPV 52 líklega tengt HPV 52. Í einungis 1 af 11 sýnum fannst HPV 16 (tekið eftir 32,5 mánuði) og fannst ekki í vef sem var fjarlægður með keiluskurði (LEEP). Í hinu tilfallinu af CIN 3 sem sást hjá sjúklingi sem var með sýkingu af HPV 51 á degi 1 (fannst í 2 af 9 sýnum); greindist HPV 16 í vefjasýni eftir 51 mánuð (fannst í 1 af 9 sýnum) og HPV 56 greindist í 3 af 9 sýnum sem tekin voru á 52. mánuði í vef sem fjarlægður var með keiluskurði (LEEP).

\*\*\*Sjúklingum var fylgt eftir í allt að 4 ár (miðgildi 3,6 ár)

Ath.: Metin tölugildi (point estimates) og öryggisbil eru leiðrétt fyrir eftirfylgnitíma hvers einstaklings.

Í lok rannsóknar og í sameinuðu rannsóknaráætlunum,

- virkni Silgard gegn HPV 6-, 11-, 16-, 18-tengdum CIN 1 var 95,9% (95% CI: 91,4; 98,4),
- virkni Silgard gegn HPV 6-, 11-, 16-, 18-tengdum CIN (1, 2, 3) eða AIS var 96,0% (95% CI: 92,3; 98,2),
- virkni Silgard gegn HPV 6-, 11-, 16-, 18-tengdum VIN2/3 og VaIN 2/3 var 100% (95% CI: 67,2; 100) og 100% (95% CI: 55,4; 100) í þessari röð,
- virkni Silgard gegn HPV 6-, 11-, 16-, 18-tengdum kynfæravörtum var 99,0% (95% CI: 96,2; 99,9).

Í rannsóknaráætlun 012 þar sem virkni Silgard gegn viðvarandi sýkingu var skilgreind var með 6 mánaða tímabili [jákvæð sýni í 2 eða fleiri heimsóknum í röð með 6 mánuðum á milli ( $\pm 1$  mánuð) eða lengur] þá var virkni gegn HPV 16 sýkingu 98,7% (95% CI: 95,1; 99,8) og gegn HPV 18 sýkingu 100,0% (95% CI: 93,2; 100,0), með eftirfylgni í allt að 4 ár (meðaltal 3,6 ár). Ef titið er til 12 mánaða skilgreiningar á viðvarandi sýkingu, þá var virkni gegn HPV 16 sýkingu 100,0% (95% CI: 93,9; 100,0) og 100,0% (95% CI: 79,9; 100,0) fyrir HPV 18 sýkingu.

Virkni hjá konum með HPV 6, 11, 16 eða 18 sýkingu eða sjúkdóm á 1. degi.

Ekki var nægt að sýna fram á vörn gegn sjúkdómum af völdum HPV gerða bóluefnisins sem konur voru PCR jákvæðar fyrir á fyrsta degi. Konur sem voru þegar sýktar af HPV stofnum (einum eða fleiri), sem eru í bóluefninu fyrir bólusetningu, verndaðar gegn sýkingum af völdum annarra HPV stofna í bóluefninu.

Virkni hjá konum með eða án fyrri sýkingar eða sjúkdóms af völdum HPV 6, 11, 16 eða 18

Aðlagð meðferðarákvörðunar (ITT) þýði innihélt konur án tillits til HPV ástands á 1. degi, sem fengu a.m.k. eina bólusetningu og hjá þeim sem talning sýkinga hófst 1 mánuði eftir fyrsta skammt. Þetta þýði endurspeglar algengi HPV sýkinga eða sjúkdóma hjá konum almennt við skráningu í rannsóknina. Niðurstöður eru dregnar saman í töflu 3.

Tafla 3: Virkni Silgard gegn vefskemmdum í leghálsi á háu stigi hjá aðlöguðu ITT þýði án tillits til HPV ástands í byrjun

	Silgard	Lyfleysa	% Virkni** eftir 2 ár (95% CI)	Silgard	Lyfleysa	% Virkni** í lok rannsóknar r (95% CI)
	Fjöldi tilfella	Fjöldi tilfella		Fjöldi tilfella	Fjöldi tilfella	
	Fjöldi einstaklinga* a*	Fjöldi einstaklinga* a*		Fjöldi einstaklinga* *	Fjöldi einstaklinga* a*	
<b>HPV 16- eða HPV 18-tengd CIN 2/3 eða AIS</b>	122 9831	201 9896	39,0 (23,3, 51,7)	146 9836	303 9904	51,8 (41,1; 60,7)
<b>HPV 16/18-tengd CIN 3</b>	83 9831	127 9896	34,3 (12,7, 50,8)	103 9836	191 9904	40,0 (31,9; 57,9)
<b>HPV 16/18-tengd AIS</b>	5 9831	11 9896	54,3 (<0, 87,6)	6 9836	15 9904	60,0 (<0; 87,3)

\*Fjöldi einstaklinga með minnst eina eftirfylgni eftir 30 daga eftir 1. dag

\*\*Próséntuvirkni er reiknuð út frá sameinuðum rannsóknaráætlunum. Virkni gegn HPV 16/18 tengdum CIN 2/3 eða AIS er byggð á gögnum úr rannsóknaráætlun 005 (einungis lokaviðmið sem tengast HPV 16), 007, 013 og 015. Sjúklingum var fylgt eftir í allt að 4 ár (miðgildi 3,6 ár).

Ath.: metin tölugildi (point estimates) og öryggisbilbil eru leiðrétt fyrir eftir fylgnitími hvers einstaklings.

Virkni gegn HPV 6-, 11-, 16-, 18-tengdum VIN 2/3 var 73,3% (95% CI: 40,3; 89,4), gegn HPV 6-, 11-, 16-, 18-tengdum VaIN 2/3 var virkni 85,7% (95% CI: 77,5; 93,4), og gegn HPV 6-, 11-, 16-, 18-tengdum kynfæravörtum var virkni 80,3% (95% CI: 73,9; 87,3) í sameinuðum rannsóknaráætlunum í lok rannsóknar.

Alls voru 12% heildarþýðisins með óeðlilegt Pap próf sem gaf til kynna CIN á 1. degi. Meðal kvenna með óeðlilegt Pap próf á 1. degi sem höfðu ekki áður fengið bóluefnisstofna HPV á 1. degi, var virkni bóluefnisins áfram mikil. Meðal kvenna með óeðlilegt Pap próf á 1. degi sem voru þegar með sýkingu af völdum bóluefnisstofna HPV á 1. degi, kom ekki fram nein virkni bóluefnisins.

#### Vörn gegn almennu álagi af HPV 16 og álsjúkdómum hjá 16 til 26 ára konum

Áhrif Silgard á heildaráhættu á HPV sjúkdómi í leghálsi (þ.e. sjúkdómi af völdum hvaða gerðar HPV sem er) voru metin hjá 17.509 einstaklingum sem tóku þátt í III. stigs virknirannsóknunum tveimur (rannsóknaráætlanir 013 og 015) og hófst matið 30 dögum eftir að fyrsti skammtur var gefinn. Á meðal kvenna sem höfðu ekki áður fengið 14 algengar gerðir HPV og fengu neikvætt Pap próf á 1. degi, minnkaði gjö Silgard tíðni CIN 2/3 eða AIS af völdum HPV gerða í bóluefninu eða gerða sem ekki eru í bóluefninu um 42,7% (95% CI : 23,7; 57,3) og tíðni af kynfæravörtum um 82,8% (95% CI: 74,3; 88,8) í lok rannsóknar.

Í aðlöguðu meðferðarákvörðunar ITT þýðinu var ávinningur af bóluefninu með tilliti til heildartíðni CIN 2/3 eða AIS (af völdum allra HPV gerða) og kynfæravartna miklu minni, með lækkingu um 18,4% (95% CI: 7,0; 28,4) og 62,5% (95% CI: 54,0; 69,5), í þessari röð, þar sem Silgard hefur ekki áhrif á gang sýkingar eða sjúkdóms sem er þegar fyrir í byrjun bólusetningar.

#### Áhrif á leghálsaðgerðir

Áhrif Silgard á tíðni leghálsaðgerða án tillits til HPV gerða voru metin hjá 18.150 einstaklingum í rannsóknaráætlunum 007, 013 og 015. Hjá þýði sem hafði ekki áður fengið HPV (hafði ekki fengið 14 algengar HPV gerðir og var með neikvætt Pap próf á degi 1) lækkaði Silgard hlutfall kvenna sem fóru í leghálsaðgerð (Loop Electro-Excision Procedure or Cold-Knife Conization) um 41,9% (95% CI: 27,7; 53,5); í lok rannsóknar. Hjá ITT þýði var samsvarandi lækkingu 23,9% (95% CI: 15,2; 31,7).

### Krossverndandi verkun (cross-protective efficacy)

Verkun Silgard gegn CIN (öllum tegundum) og CIN 2/3 eða AIS af völdum 10 HPV gerða sem ekki var bólusett fyrir (HPV 31, 33, 35, 39, 45, 51, 52, 56, 58, 59) og eru byggingarlega skyldar HPV 16 eða HPV 18 var metin í sameinuðum gagnagrunni III. stigs virknirannsókna (combined Phase III efficacy database) (N = 17.599) eftir miðgildiseftirfylgni í 3,7 ár (í lok rannsókna). Mæld var verkun gegn endapunktum sjúkdóms sem var af völdum fyrirfram skilgreindra samsetninga af HPV gerðum sem ekki var bólusett fyrir. Rannsóknirnar voru ekki sniðnar til að meta verkun gegn sjúkdómum einstakra HPV gerða.

Aðal greiningin var gerð á einstaklingum með tilteknar gerðir og voru fengnar til þess konur sem voru neikvæðar fyrir gerðinni sem var greind, en gátu verið jákvæðar fyrir öðrum HPV gerðum (96% af heildarrannsóknarþýði). Á aðal tímápunkti greiningar eftir 3 ár fengust ekki marktækar niðurstöður fyrir öllum fyrirfram skilgreindum endapunktum. Loka rannsóknaniðurstöður fyrir sameinaðar tíðni CIN 2/3 eða AIS hjá þessu rannsóknarþýði með eftirfylgni að miðgildi 3,7 ár eru sýndar í Tafla 4. Fyrir samsetta endapunkta var tölfræðilega marktæk verkun gegn sjúkdómum sýnd gegn HPV gerðum sem voru þróunarlega skyldar HPV 16 (aðallega HPV 31) aftur á móti sást ekki tölfræðilega marktæk verkun gegn HPV gerðum sem voru þróunarlega skyldar HPV 18 (þar með talið HPV 45). Fyrir 10 einstakar HPV gerðir voru niðurstöður einungis tölfræðilega marktækar fyrir HPV 31.

Tafla 4: Niðurstöður fyrir CIN 2/3 eða AIS hjá einstaklingum sem höfðu ekki fengið HPV gerðina sem var greind<sup>†</sup> (lokaniðurstöður rannsókna)

Hafa ekki fengið $\geq 1$ HPV gerð				
Samsettur endapunktur	Silgard tilfalli	Lyfleysa tilfalli	% Verkun	95% CI
(HPV 31/45) <sup>‡</sup>	34	60	43,2%	12,1; 63,9
(HPV 31/33/45/52/58) <sup>§</sup>	111	150	25,8%	4,6; 42,5
10 ekki bóluefnis HPV gerðir <sup>  </sup>	162	211	23,0%	5,1; 37,7
HPV-16 skyldar gerðir (A9 tegundir)	111	157	29,1%	9,1; 44,9
HPV 31	23	52	55,6%	26,2; 74,1 <sup>†</sup>
HPV 33	29	36	19,1%	<0; 52,1 <sup>†</sup>
HPV 35	13	15	13,0%	<0; 61,9 <sup>†</sup>
HPV 52	41	52	14,7%	<0; 44,2 <sup>†</sup>
HPV 58	24	35	31,5%	<0; 61,0 <sup>†</sup>
HPV-18 skyldar gerðir (A7 tegundir)	34	46	25,9%	<0; 53,9
HPV 39	15	24	37,5%	<0; 69,5 <sup>†</sup>
HPV 45	11	11	0,0%	<0; 60,7 <sup>†</sup>
HPV 59	9	15	39,9%	<0; 76,8 <sup>†</sup>
A5 tegundir (HPV 51)	34	41	16,3%	<0; 48,5 <sup>†</sup>
A6 tegundir (HPV 56)	34	30	-13,7%	<0; 32,5 <sup>†</sup>

<sup>†</sup> Rannsóknin var ekki sniðin til að meta verkun gegn sjúkdómum af völdum einstakra HPV gerða.

<sup>‡</sup> Verkun var byggð á lækun á HPV 31- tengdum CIN 2/3 eða AIS

<sup>§</sup> Verkun var byggð á lækun á HPV 31-, 33-, 52-, og 58 tengdum CIN 2/3 eða AIS

<sup>||</sup> Innifelur aðferðagreiningu sem ekki er í bóluefni HPV gerðir 31, 33, 35, 39, 45, 51, 52, 56, 58, og 59.

### Virgni hjá konum á aldrinum 24 til 45 ára

Virgni Silgard hjá konum á aldrinum 24 til 45 ára var metin í einni tvíblindri, slembiraðaðri III. stigs samanburðarrannsókn með lyfleysu (rannsóknaráætlun 019, FUTURE III) hjá 3.817 konum, sem voru skráðar og bólusettar án þess að áður hafi farið fram leit að HPV sýkingu.

Aðal endapunktur tóku til samanlagðrar tíðni HPV 6-, 11-, 16- eða 18-tengdra og samanlagðrar tíðni HPV 16- eða HPV-18 tengdra þrálátra sýkinga (6 mánaða skilgreining), kynfæravarta, vefskemmda á

sköpum og leggöngum, CIN af öllum gerðum AIS og leghálskrabbameins. Miðgildi tímalengdar eftirfylgni var 4,0 ár í þessari rannsókn.

Í langtímaframhaldshluta rannsóknaráætlunar 019 var fylgst með 685 konum sem bólusettar voru með Silgard á aldrinum 24–45 ára í grunnrannsókninni. Hjá rannsóknarþýði skv. rannsóknaráætlun, komu ekki fram nein tilvik HPV-sjúkdóma (HPV 6/11/16/18 tengdar leghálsfrumubreytingar af öllum gerðum og kynfæravörtur) í 10,1 ár (við eftirfylgni með miðgildi 8,7 ár).

#### Virgni hjá konum sem ekki höfðu áður fengið viðkomandi HPV gerðir bóluefnis

Fyrstu greiningar á virgni voru gerðar samkvæmt rannsóknaráætlun (þ.e. allar 3 bólusetningarnar innan árs frá skráningu, engin mikilvæg frávik frá rannsóknaráætlun og höfðu ekki áður smitast af viðkomandi HPV gerð fyrir fyrsta skammtinn og í 1 mánuð eftir 3. skammtinn (7. mánuð)). Byggt var á að mæla virgni eftir heimsókn í 7. mánuði. Samtals höfðu 67% einstaklingar ekki áður fengið neinar af 4 HPV gerðunum (PCR neikvæðir og mótetfaneikvæðir) við skráningu.

Virgni Silgard gegn samanlagðri tíðni HPV 6-, 11-, 16-, eða 18-tengdum þrálátum sýkingum, kynfæravörtum, vefskemmdum á sköpum og leggöngum, CIN af öllum gerðum, AIS og leghálskrabbameini var 88,7% (95% CI: 78,1; 94,8).

Virgni Silgard gegn samanlagðri tíðni HPV 16-, eða 18-tengdum þrálátum sýkingum, kynfæravörtum, vefskemmdum á sköpum og leggöngum, CIN af öllum gerðum, AIS og leghálskrabbameini var 84,7% (95% CI: 67,5; 93,7).

#### Virgni hjá konum með eða án fyrri sýkingar eða sjúkdóms vegna HPV 6, 11, 16 eða 18.

Heildar þýðið (einnig þekkt sem Intent To Treat (ITT) þýði) samanstóð af konum án tillits til HPVgrunnlínugildis á fyrsta degi, sem fengu a.m.k. eina bólusetningu og þar sem talning tilfella hófst á fyrsta degi. Þetta þýði endurspeglar almennan fjórða kvenna með tilliti til tíðni HPV sýkinga eða sjúkdóma við skráningu í rannsóknina.

Virgni Silgard gegn samanlagðri tíðni HPV 6-, 11-, 16-, eða 18-tengdum þrálátum sýkingum, kynfæravörtum, vefskemmdum á sköpum og leggöngum, CIN af öllum gerðum, AIS og leghálskrabbameini var 47,2% (95% CI: 33,5; 58,2).

Virgni Silgard gegn samanlagðri tíðni af HPV 16- eða 18- tengdum þrálátum sýkingum, kynfæravörtum, vefskemmdum á sköpum og leggöngum, CIN af öllum gerðum AIS og leghálskrabbameini var 41,6% (95% CI: 24,3; 55,2).

#### Virgni hjá konum (16 til 45 ára) með vísbendingu um fyrri sýkingu með HPV bóluefnisgerð (sermisjávæðir) sem ekki var lengur greinanlegt við upphaf bólusetningar (PCR neikvæðar)

Í post hoc greiningu á einstaklingum (sem fengu minnst eina bólusetningu) með vísbendingu um fyrri sýkingu með bóluefni af HPV gerð (sermisjávæðir) sem ekki var lengur greinanleg (PCR neikvæðir) við upphaf bólusetningar, var virgni Silgard til að koma í veg fyrir ástand vegna endurkomu sömu gerðar HPV 100% (95% CI: 62,8; 100,0; 0 á móti 12 tilfellum) [n = 2.572 úr nokkrum rannsóknnum hjá ungum konum] gegn HPV 6-, 11-, 16- og 18-tengdum CIN 2/3, VIN 2/3, VaIN 2/3 og kynfæravörtum hjá konum 16 til 26 ára. Virgni var 68,2% (95% CI: 17,9; 89,5; 6 á móti 20 tilfellum [n= 832 úr rannsóknnum hjá yngri og eldri konum samanlagt]) gegn HPV 16- og 18-tengdum þrálátum sýkingum hjá konum 16 til 45 ára.

#### Virgni hjá körlum á aldrinum 16 til 26 ára

Virgni var metin með tilliti til HPV 6-, 11-, 16- og 18-tengdra kynfæravarta, þekjufrumubreytinga við reður/spöng/umhverfis endaparm á 1/2/3 stigi og þrálátrar sýkingar.

Virgni Silgard hjá körlum á aldrinum 16 til 26 ára var metin í í einni tvíblindri, slembiraðaðri III. stigs

klínískri samanburðarrannsókn með lyfleysu (rannsóknaráætlun 020) hjá samtals 4.055 körlum sem voru skráðir og bólusettir á þess að áður hafi farið fram skimun að HPV sýkingu. Meðaltími eftirfylgni var 2,9 ár.

Virgni gegn þekjufrumubreytingum í endaparmi (AIN stig 1/2/3) og krabbameini í endaparmi og þrálátri sýkingu í endaparmi var metin í undirhópi 598 karla (SILGARD = 299; lyfleysa = 299) í rannsóknaráætlun 020 sem sögðust sjálfir hafa kynmök við karla (samkynhneigðir).

Samkynhneigðir karlar eru í meiri hættu á að fá HPV sýkingu í endaparm samanborið við almenning, hreinn ávinningur af bólusetningu sem forvörn gegn krabbameini í endaparmi hjá almenningi er talinn vera afar lítill.

HIV sýking var útilokunarskilyrði (sjá einnig kafla 4.4).

#### Virgni hjá körlum sem ekki höfðu áður fengið HPV bóluefnisstofna

Fyrstu greiningar á virkni með tilliti til HPV bóluefnisstofna (HPV 6, 11, 16 og 18) voru gerðar á þátttakendum sem fylgdu rannsóknaráætlun (PPE) (þ.e. fengu allar 3 bólusetningar var innan árs frá inntöku í rannsóknina, engin mikilvæg frávik frá rannsóknaráætlun og höfðu ekki áður smitast af viðkomandi HPV stofni (stofnum) fyrir fyrsta skammtinn og í 1 mánuð eftir 3. skammtinn (7. mánuð)). Byrjað var að mæla virkni eftir heimsókn í 7. mánuði. Alls höfðu 8% karla (87% gagnkynhneigðra og 61% samkynhneigðra) ekki áður fengið neinn af HPV stofnunum (PCR neikvæðir og mótefnaneikvæðir) við inntöku í rannsóknina.

Þekjufrumubreytingar í endaparmi (AIN) á stigi 2/3 (á miðstigi til háu stigi) voru notaðar sem klínískt auðkenni fyrir krabbamein í endaparmi.

Niðurstöður um virkni fyrir viðkomandi endapunkt í lok rannsóknar (miðgildi eftirfylgnitímabils 2,4 ár) hjá einstaklingum sem fylgdu rannsóknaráætlun eru sýndar í töflu 5. Ekki var sýnt fram á virkni gegn þekjufrumubreytingum við reður/spöng/umhverfis endaparm (PIN) á stigum 1/2/3.

Tafla 5: Greining á virkni Silgard gegn vefskemmdum á kynfærum hjá körlum á aldrinum 16-26 ára sem fylgdu rannsóknaráætlun (PPE)\*

Endapunktur	Silgard		Lyfleysa		% Virkni (95%CI)
	N	Fjöldi einstaklinga	N	Fjöldi einstaklinga	
HPV 6/11/16/18-tengdar vefskemmdir á kynfærum					
Vefskemmdir á kynfærum	1.394	3	1.404	32	90,6 (70,1; 98,2)
Kynfæravörtur	1.394	3	1.404	28	89,3 (65,3; 97,9)
PIN1/2/3	1.394	0	1.404	4	100,0 (-52,1; 100,0)

\*Einstaklingarnir í hópnum sem fylgdu rannsóknaráætluninni fengu allar 3 bólusetningarnar innan árs frá inntöku í rannsóknina, voru ekki með nein meiriháttar frávik frá rannsóknaráætlun og höfðu ekki áður komist í snerting við viðkomandi HPV stofna fyrir fyrsta skammt og fram að 1 mánuði eftir 3 skammt (7 mánuður).

Greining á niðurstöðum í lok rannsóknar á vefskemmdum hjá samkynhneigðum karlmönnum (miðgildi eftirfylgnitímabils var allt að 2,15 ár) voru verndandi áhrif gegn HPV 6, 11, 16, 18 tengdum AIN 2/3, 74,9% (95% CI: 88; 95,4; 3/194 miðað við 13/208) og gegn HPV 16 eða 18 tengdum AIN 2/3, 86,6% (95% CI 0,0, 99,7; 1/194 miðað við 8/208).

Enn sem komið er, er ekki vitað hversu lengi vörn gegn krabbameini í endaparmi varir. Í langtímaframhaldshluta rannsóknar samkvæmt rannsóknaráætlun 020 var fylgst með 917 karlmönnum sem bólusettir voru með Silgard á aldrinum 16-26 ára í upphaflegu rannsókninni. Hjá rannsóknarþýði skv. rannsóknaráætlun komu ekki fram nein tilvik af HPV 6/11 tengdum kynfæravörtum, HPV 6/11/16/18 tengdum ytri kynfærásarum eða þekjufrumubreytingum í endaparmi (AIN) á háu stigi hjá samkynhneigðum karlmönnum af gerð HPV 6/11/16/18 í 11,5 ár (við eftirfylgni með miðgildi 9,5 ár).

## Virgni hjá körlum með eða án fyrri sýkingar eða sjúkdóms vegna HPV 6, 11, 16 eða 18

Heildarþýðið samanstóð af körlum án tillits til HPV grunnlínugildis á fyrsta degi, sem fengu a.m.k. eina bólusetningu og þar sem talning tilfella hófst á fyrsta degi. Þetta þýði endurspeglar almennan fjölda karla með tilliti til tíðni HPV sýkinga eða sjúkdóma við inntöku í rannsóknina.

Virgni Silgard gegn HPV 6-, 11-, 16-, 18-tengdum kynfæravörtum var 68,1% (95% CI: 48,8; 79,3).

Virgni Silgard gegn HPV 6-, 11-, 16-, 18-tengdum AIN 2/3 og HPV 16- eða 18 tengdum AIN 2/3, í undirrannsókninni hjá samkynhneigðum var 54,2% (95% CI: 18,0; 75,3; 18/275 á móti 39/276) og 57,5% (95% CI: -1,8, 83,9; 8/275 á móti 19/276 tilfelli) í þessari röð.

## Vernd gegn samanlagðri tíðni HPV sjúkdóma hjá körlum á aldrinum 16 til 26 ára

Áhrif Silgard gegn heildaráhættu vegna vefskemmda á kynfærum voru metin eftir fyrsta skammtinn hjá 2.545 einstaklingum sem teknir voru inn í III. stigs rannsókn á virkni (rannsóknaráætlun (20)). Á meðal karla sem ekki höfðu fengið 14 algengar gerðir HPV, dró lyfjagjöf með Silgard í tilfellum vefskemmda á kynfærum af völdum HPV gerða sem er bólusett fyrir og ekki bólusett fyrir um 81,5% (95% CI: 58,0; 93,0). Hjá heildarþýðinu (FAS) var ávinningur bóluefnisins með tilliti til heildartíðni vefskemmda á kynfærum minni, og minnkaði um 59,3% (95% CI: 40,0; 72,7) þar sem Silgard hefur ekki áhrif á framgang sýkingar eða sjúkdóms sem er til staðar þegar bólusett er.

## Áhrif á töku vefjasýna og meðferð

Áhrif Silgard á tíðni vefjasýnatöku og meðferða vegna vefskemmda á kynfærum án tillits til orsakavaldandi HPV gerða voru metin hjá 2.545 einstaklingum sem voru teknir inn í rannsóknaráætlun 020. Hjá þýðinu sem hafði ekki áður fengið HPV (hafði ekki fengið 14 algengar HPV gerðir) lækkaði Silgard það hlutfall karla sem fór í vefjasýnatöku um 51,2% (95% CI: 28,3; 71,4) og sem fengu meðferð um 47,7% (95% CI: 18,4; 67,1) í lok rannsóknarinnar. Hjá heildarþýðinu var samsvarandi lækkun 45,7% (95% CI: 29,0; 58,7) og 38,1% (95% CI: 19,4; 52,6).

## Ónæmingargeta

### Aðferðir til að mæla ónæmissvörum

Ekki er vitað um lágmarksstyrk mótefna sem veita vörn með tilliti til HPV bóluefna.

Ónæmingargeta Silgard var metin hjá 20.132 (Silgard n = 10.723, lyfleysa n = 9.409) stúlkum og konum á aldrinum 9 til 26 ára, 5.417 (Silgard n = 3.109, lyfleysa n = 2.308) drengjum og körlum á aldrinum 9 til 26 ára og 3.819 konum á aldrinum 24 til 45 ára (Silgard n = 1.911, lyfleysa n = 1.908).

Stofnasértæk ónæmismæling (competitive-based immunoassay (cLIA)) með stofnasértækum stöðlum var notuð til að ákvarða ónæmingargetu hvers bóluefnastofns fyrir sig. Þetta próf mælir hlutleysandi mótefni gegn einu tengiseti hvers einstakrar gerðar af mann papillomaveiru fyrir sig.

### Ónæmissvörum við Silgard 1 mánuði eftir 3. skammt

Í klínísku rannsóknunum á konum á aldrinum 16 til 26 ára, urðu 99,8%, 99,8%, 99,8% og 99,5% þeirra einstaklinga sem fengu Silgard sermisjákvæðir varðandi mótefni gegn HPV 6, HPV 11, HPV 16 og HPV 18, í þessari röð, 1 mánuði eftir 3. skammt. Í klínísku rannsókninni á konum á aldrinum 24 til 45 ára, urðu 98,4%, 98,1%, 98,8% og 97,4% þeirra einstaklinga sem fengu Silgard sermisjákvæðir varðandi mótefni gegn HPV 6, HPV 11, HPV 16 og HPV 18, í þessari röð, 1 mánuði eftir 3. skammt. Í klínísku rannsókninni hjá körlum á aldrinum 16 til 26 ára, urðu 98,9%, 99,2%, 98,8% og 97,4% þeirra einstaklinga sem fengu Silgard urðu sermisjákvæðir varðandi mótefni gegn HPV 6, HPV 11, HPV 16 og HPV 18, í þessari röð, 1 mánuði eftir 3. skammt. Silgard kallaði fram háa HPV mótefnatitra (GMT) 1 mánuði eftir 3. skammt í öllum aldurshópum sem prófaðir voru.

Eins og búist var við hjá konum á aldrinum 24 til 45 (rannsóknaráætlun 019) sáust lægri mótrefnatítrar en hjá konum á aldrinum 16 til 26 ára.

Það magn mótefna gegn HPV sem bóluefnið kallaði fram var töluvert hærra en það sem fram kom hjá einstaklingum í lyfleysuhópnum sem hlotið höfðu góðan bata af HPV sýkingu (sermisjákvæðar og PCR neikvæðar) Magn mótefna gegn HPV (GMT) hélst enn fremur við eða yfir viðmiðunarmörkum í sermi hjá bólusettum einstaklingum á langtíma fylgiskeiði eftir III. stigs rannsóknirnar (sjá *Varanleika ónæmissvars með Silgard* hér að neðan).

#### Bilið milli virkni Silgard hjá konum og stúlkum brúað

Í klínískri rannsókn (rannsóknaráætlun 016) var ónæmingargeta Silgard borin saman hjá stúlkum á aldrinum 10 til 15 ára við ónæmingargetu hjá konum á aldrinum 16 til 23 ára. Í bólusetningarhópnum urðu 99,1 til 100% mótefnajákvæðir hvað varðar mótefni gegn öllum bóluefnisstofnum 1 mánuði eftir 3. skammt.

Tafla 6 ber saman HPV 6, HPV 11, HPV 16 og HPV 18 1 mánuði eftir 3. skammt hjá 10-19 ára gömlum stúlkum við 16-26 ára konur.

*Tafla 6: Samanburður á ónæmingargetu 9 til 15 ára gamalla stúlkna og 16 til 26 ára kvenna (þýði samkvæmt rannsóknaráætlun) byggt á títurum mælt með cLIA*

	9- til 15- ára stúlkur (Rannsóknaráætlun 016 og 018)		16- til 26- ára konur (Rannsóknaráætlun 013 og 015)	
	n	GMT (95% CI)	n	GMT (95% CI)
HPV 6	915	929 (874, 987)	2651	543 (526, 560)
HPV 11	915	1303 (1223, 1388)	2655	762 (735, 789)
HPV 16	913	4909 (4548, 5300)	2570	2294 (2185, 2408)
HPV 18	920	1040 (965, 1120)	2796	462 (444, 480)

GMT- Margfeldismeðaltalstítri sem mMU/ml (mMU= milli-Merck einingar)

Mótefnasvörun gegn HPV eftir 7 mánuði hjá 9-15 ára stúlkum var ekki síðri en mótefnasvörun gegn HPV hjá 16-26 ára konum þar sem virkni hefði verið staðfest í III. stigs rannsókn. Ónæmingargeta tengdist aldri og voru HPV mótefnagildi eftir 7 mánuði marktækt hærri hjá ungum þátttakendum undir 12 ára aldri en þeim sem eldri voru.

Á grundvelli þessarar miklu staðfestu ónæmingargetu er búist við að virkni Silgard hjá 9 til 15 ára stúlkum sé sambærileg við það sem gerist hjá ungum konum á aldrinum 16 til 26 ára.

Í langtímaframhaldshluta rannsóknaráætlunar 018 var fylgst með 369 stúlkum sem bólusettar voru með Silgard á aldrinum 9-15 ára í grunnrannsókninni. Hjá rannsóknarþýði skv. rannsóknaráætlun komu ekki fram nein tilvik HPV-sjúkdóma (HPV-6/11/16/18 tengdar leghálsfrumubreytingar af öllum gerðum og kyffaravörtur) í 10,7 ár (við eftirfylgni með miðgildi 10,0 ár).

#### Bilið milli virkni Silgard hjá drengjum og körlum brúað

Þrjár klínískar rannsóknir (rannsóknaráætlanir 016, 018 og 020) voru notaðar til að bera saman ónæmingargetu Silgard hjá drengjum 9 til 15 ára og hjá körlum 16 til 26 ára. Í bólusetningarhópnum urðu 97,4 til 99,9% mótefnajákvæðir hvað varðar mótefni gegn öllum bóluefnisstofnunum 1 mánuði eftir 3. skammtinn.

Í töflu 7 eru borin saman margfeldismeðaltöl mótefna gegn HPV 6, 11, 16 og 18 hjá drengjum 9 til 15 ára samanborið við karla 16 til 26 ára.

Tafla 7: Bilið milli ónæmingargetu hjá drengjum 9 til 15 ára og körlum 16 til 26 ára (þýði samkvæmt rannsóknaráætlun) byggt á títurum mælt með cLIA

	Drengir 9 til 15 ára		Karlur 16 til 26 ára	
	n)	GMT (95% CI)	n)	GMT (95% CI)
HPV 6	884	1.038 (964, 1.117)	1.093	448 (419, 479)
HPV 11	885	1.387 (1.299, 1.481)	1.093	624 (588, 662)
HPV 16	882	6.057 (5.601, 6.549)	1.136	2.403 (2.243, 2.575)
HPV 18	887	1.357 (1.249, 1.475)	1.175	403 (375, 433)

GMT- Margfeldis meðaltalstítri sem mMU/ml (mMU= milli-Merck einingar)

Mótefnasvörin gegn HPV eftir 7 mánuði hjá 9-15 ára drengjum var ekki síðri en mótefnasvörin gegn HPV hjá 16-26 ára körlum þar sem virkni hafði verið staðfest í III. stigs rannsóknum. Ónæmingargeta tengdist aldri og voru HPV mótefnagildi eftir 7 mánuði marktækt hærri hjá yngri einstaklingum.

Á grundvelli samtengingu þessarar ónæmingargetu er dregin ályktun um virkni Silgard hjá drengjum 9 til 15 ára.

Í langtímaframhaldshluta rannsóknaráætlunar 018 var fylgst með 326 drengjum sem bólusettir voru með Silgard á aldrinum 9–15 ára í grunnrannsókninni. Hjá rannsóknarþýði skv. rannsóknaráætlun komu ekki fram nein tilvik HPV-sjúkdóma (HPV- 6/11/16/18 tengd sár í ytri kynfærum) í 10,6 ár (við eftirfylgni með miðgildi 9,9 ár).

#### Varanleiki ónæmissvars við Silgard

Undirhópi einstaklinga sem var skráður í III. stigs rannsóknir var fylgt eftir í langt tímabil til að leggja mat á öryggi, ónæmingargetu og virkni. Heildar IgG LIA mínex ónæmispróf (IgG LIA) var notað til að meta varanleika ónæmissvars auk cLIA.

Í öllum hópunum (konur 9–45 ára, karlar 9–26 ára) saust hágildi margildis meðaltalstíttra mótefna (GMT) gegn HPV 6, HPV 11, HPV 16 og HPV 18 mæld með cLIA á 7. mánuði. Eftir það lækkuðu GMT á mánuðum 24 til 48 og urðu síðan vörðla t stöðugir. Ekki hefur verið sýnt fram á nákvæma lengd ónæmis eftir 3 skammta bólusetningu og er unnið að rannóknum á því.

Stúlkum og drengjum sem voru bólusett með Silgard við 9–15 ára aldur skv. rannsóknaráætlun 018 í grunnrannsókninni var fylgt eftir í framhaldsrannsókn. Breytilegt eftir HPV stofnum voru 60–96% þátttakenda sermisjávkvæðir mælt með cLIA og og 78–98% þátttakenda voru sermisjávkvæðir í IgG LIA mælingu, 10 árum eftir bólusetningu (sjá töflu 8).

Tafla 8: Langtímanir niðurstöður um ónæmingargetu (hjá þýði sem fylgdi rannsóknaráætlun) byggðar á hlutfalli sermisjávkvæðra þátttakenda samkvæmt mælingu með cLIA og IgG LIA (rannsóknaráætlun 018) eftir 10 ár hjá 9–15 ára stúlkum og drengjum.

	cLIA		IgG LIA	
	n	% sermisjávkvæðra þátttakenda	n	% sermisjávkvæðra þátttakenda
HPV 6	409	89%	430	93%
HPV 11	409	89%	430	90%
HPV 16	403	96%	426	98%
HPV 18	408	60%	429	78%

Konum sem voru bólusettar með Silgard á aldrinum 16–23 ára skv. rannsóknaráætlun 015 í grunnrannsókninni verður fylgt eftir í framhaldsrannsókn í allt að 14 ár.

Níu árum eftir bólusetningu voru 94% þeirra sermisjávkvæðar hvað varðar HPV 6-mótefni, 96% hvað varðar HPV 11-mótefni, 99% hvað varðar HPV 16-mótefni og 60% hvað varðar HPV 18-mótefni mælt með cLIA. Einnig voru 98% þeirra sermisjávkvæðar hvað varðar HPV 6-mótefni, 96% hvað



varðar HPV 11-mótefni, 100% hvað varðar HPV 16 mótefni og 91% hvað varðar HPV 18 mótefni mælt með IgG LIA.

Konum sem voru bólusettar með Silgard á aldrinum 24-45 ára skv. rannsóknaráætlun 019 í grunnrannsókninni var fylgt eftir í framhaldsrannsókn. Tíu árum eftir bólusetningu voru 79% þeirra sermisjákvæðar hvað varðar HPV 6-mótefni, 85% hvað varðar HPV 11-mótefni, 94% hvað varðar HPV 16-mótefni og 36% hvað varðar HPV 18 mótefni mælt með cLIA. Einnig voru 86%, sermisjákvæðar hvað varðar HPV 6-mótefni, 79% hvað varðar HPV 11-mótefni, 100% hvað varðar HPV 16 mótefni og 83% hvað varðar HPV 18 mótefni mælt með IgG LIA.

Körllum sem voru bólusettir með Silgard á aldrinum 16-26 ára skv. rannsóknaráætlun 020 í grunnrannsókninni var fylgt eftir í framhaldsrannsókn. Tíu árum eftir bólusetningu voru 79% þeirra sermisjákvæðir hvað varðar HPV 6-mótefni, 80% hvað varðar HPV 11-mótefni, 95% hvað varðar HPV 16-mótefni og 40% sermisjákvæðir hvað varðar HPV 18-mótefni mælt með cLIA. Einnig voru 92%, sermisjákvæðir hvað varðar HPV 6-mótefni, 92% hvað varðar HPV 11-mótefni, 100% hvað varðar HPV 16-mótefni og 92% voru sermisjákvæðir hvað varðar HPV 18-mótefni mælt með IgG LIA.

Í þessum rannsóknum höfðu einstaklingar sem voru sermisneikvæðir hvað varðar HPV 6-mótefni, HPV 11-mótefni, HPV 16-mótefni og HPV 18-mótefni mælt með cLIA samt sem áður vörn gegn klínískum sjúkdómum, eftir að þeim hafði verið fylgt eftir í 9 ár hjá 16–23 ára gömlum konum, 10 ár hjá 24–45 ára gömlum konum og 10 ár hjá 16–26 ára gömlum körlum.

#### Vísbending um ónæmisminnissvörun

Vísbending um ónæmisminnissvörun kom fram hjá bólusettum konum sem voru sermisjákvæðar gagnvart viðkomandi gerð(um) mannapapillomaveiru fyrir bólusetningu. Auk þess sýndu bólusettar konur sem fengu ögrunarskammt af Silgard 5 árum eftir upphaf bólusetningar fram á snögga og sterka ónæmisminnissvörun sem fór fram úr HPV-mótefni atlitum sem fram komu einum mánuði eftir 3. skammt.

#### HIV sýktir einstaklingar

Í vísindarannsókn sem framkvæmd var á 126 HIV sýktum einstaklingum á aldrinum 7-12 ára (þar af fengu 96 þeirra Silgard) var öryggi og ónæmingargeta Silgard skráð. Myndun mótefna gegn öllum fjórum mótefnavökunum kom fram hjá meira en 96 prósent þátttakenda, GMT var aðeins lægri en hjá einstaklingum í öðrum rannsóknum sem voru á sama aldri og ekki voru smitaðir af HIV. Klínískt gildi lægri svörunar er ekki þekkt. Öryggisnið var svipað og hjá einstaklingum í öðrum rannsóknum sem ekki voru smitaðir af HIV. Bólusetningin hafði ekki áhrif á CD4% eða HIV RNA í plasma.

#### Ónæmingarviðbrögð við Silgard í tveggja skammta bólusetningaráætlun hjá einstaklingum á aldrinum 9-13 ára

Í klínískri rannsókn kom fram að stúlkur sem fengu tvo skammta af HPV bóluefni með 6 mánaða millibili, höfðu ekki síðri mótefnasvörun gegn öllum fjórum HPV gerðum, einum mánuði eftir seinni skammtinum en ungar konur sem fengu þrjá skammta af bóluefninu á innan við 6 mánuðum.

Á 7. mánuði var ónæmissvörun hjá stúlkum í rannsóknarhópnum á aldrinum 9-13 ára (n = 241) sem fengu tvo skammta af Silgard (við 0, 6 mánuði) ekki síðri og tölulega hærra en ónæmingarviðbrögð hjá ungum konum á aldrinum 16-26 ára (n = 246) sem fengu þrjá skammta af Silgard (við 0, 2, 6 mánuði).

Við 36 mánaða eftirfylgni var GMT hjá stúlkum (2 skammtar, n = 86) ekki síðra en GMT hjá konum (3 skammtar, n = 86) fyrir allar fjórar HPV gerðirnar.

Í sömu rannsókn var ónæmissvörun hjá stúlkum á aldrinum 9-13 ára eftir tveggja skammta bólusetningaráætlun, lægri að tölugildi en eftir þriggja skammta áætlun (n = 248 í 7. mánuði, n = 82 í 36. mánuði). Klínískt mikilvægi þessara niðurstaðna er óþekkt. Undirhópi þátttakenda í rannsókninni

úr tveggja skammta hópnum (n=50) var fylgt eftir í 5 ár eftir bólusetningu (60 mánuðir eftir fyrsta skammt). Af stúlkum sem fengu 2 skammta af bóluefninu voru 96% sermisjákvæðar hvað varðar HPV 6-mótefni, 100% hvað varðar HPV 11-mótefni, 100% hvað varðar HPV 16-mótefni og 84% hvað varðar HPV 18-mótefni mælt með cLIA.

Lengd verndandi áhrifa tveggja skammta bólusetningaráætlunar með Silgard hefur ekki verið staðfest.

## 5.2 Lyfjahvörf

Á ekki við.

## 5.3 Forklínískar upplýsingar

Rannsóknir á eiturverkunum eftir staka eða endurtekna skammta og staðbundin þolpróf benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn.

Silgard kallaði fram ákveðna mótefnasvörun gegn HPV af gerð 6, 11, 16 og 18 í þunguðum rottum eftir eina eða fleiri gjafir í vöðva. Mótefni gegn öllum fjórum HPV gerðum bóluefnisins bárust til afkvæmis á meðgöngu og hugsanlega við mjólkurgjöf. Ekki komu fram nein meðferðartengd áhrif á þroskamerki, hegðun, æxlunargetu eða frjósemi afkvæmis

SILGARD sem var gefið karlkyns rottum í skammtastærðum fyrir menn (120 míkrog prótein alls) hafði engin áhrif á æxlunargetu þar með talið frjósemi, fjölda sæðisfrumna, hreyfanleika sæðisfrumna og ekki komu fram neinar vefjafræðilegar breytingar á eistu eða áhrif á þyngd eistna sem talið var að tengdust bóluefninu.

## 6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 6.1 Hjálparefni

Natríumklóríð  
L-histidín  
Pólýsorbit 80  
Natríumbórat  
Vatn fyrir stungulyf

Sjá ónæmisglæði í kafla 2.

### 6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf, þar sem rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

### 6.3 Geymsluþol

3 ár

### 6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Silgard stungulyf, dreifa:

Geymið í kæli (2°C - 8°C).

Má ekki frjósa. Geymið hettuglasið í ytri öskju til varnar gegn ljósi.

Silgard skal gefið eins fljótt og unnt er eftir að það er tekið úr kæli.

Gögn úr stöðugleikarannsóknunum sýna að bóluefnisþættirnir haldast stöðugir í 72 klukkustundir þegar það er geymt við hitastig á bilinu 8°C til 42°C. Í lok þess tímabils skal nota Silgard eða farga því. Þessar upplýsingar eru einungis ætlaðar til leiðbeininga fyrir heilbrigðisstarfsfólk ef um tímabundnar breytingar á hitastigi er að ræða.

#### Silgard stungulyf, dreifa í áfylltri sprautu:

Geymið í kæli (2°C - 8°C).

Má ekki frjósa. Geymið áfylltu sprautuna í ytri öskjunni til varnar gegn ljósi.

Silgard skal gefið eins fljótt og unnt er eftir að það er tekið úr kæli.

Gögn úr stöðugleikarannsóknunum sýna að bóluefnisþættirnir haldast stöðugir í 72 klukkustundir þegar það er geymt við hitastig á bilinu 8°C til 42°C. Í lok þess tímabils skal nota Silgard eða farga því. Þessar upplýsingar eru einungis ætlaðar til leiðbeininga fyrir heilbrigðisstarfsfólk ef um tímabundnar breytingar á hitastigi er að ræða.

### **6.5 Gerð íláts og innihald**

#### Silgard stungulyf, dreifa:

0,5 ml dreifa í hettuglasi (gler) með tappa (klóróbútýl) og plastlíki sem hægt er að fletta af (smelluinnsigli úr áli) í pakkningastærð með 1, 10 eða 20 einingum.

#### Silgard stungulyf, dreifa í áfylltri sprautu:

0,5 ml dreifa í áfylltri sprautu (gler) með bullutappa (silikon-FluroTec-húðaður brómóbútýl-elastómer eða óhúðaður klóróbútýl-elastómer) og hettulok (brómóbútýl) án nálar eða með einni eða tveimur nálum – pakkningastærð 1, 10 eða 20 einingar.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### **6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun**

#### Silgard stungulyf, dreifa:

- Silgard getur litið út sem tær vökvi með hvítu botnfalli áður en það er hrist.
- Hristið vel fyrir notkun til að útbúa dreifu. Eftir að hafa verið hrist vandlega er það hvítur, ógagnsær vökvi.
- Skoðið dreifuna með tilliti til agna og upplitunar fyrir gjöf. Fargið bóluefninu ef agnir eru til staðar og/ eða ef það virðist upplitað.
- Fargið 0,5 ml skammt af bóluefninu úr stakskammta hettuglasinu með sæfðri nál og sprautu. Sprautið lyfinu strax í vöðva (i.m.), helst í axlarvöðva upphandleggs eða hliðlægt ofarlega framan á lærvöðva.
- Nota skal bóluefnið eins og það kemur fyrir. Nota skal allan ráðlagðan skammt bóluefnisins.

Farga skal öllum bóluefnisleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

#### Silgard stungulyf, dreifa í áfylltri sprautu:

- Silgard getur litið út sem tær vökvi með hvítu botnfalli áður en það er hrist.
- Hristið áfylltu sprautuna vel fyrir notkun til að útbúa dreifu. Eftir að hafa verið hrist vandlega er það hvítur, ógagnsær vökvi.
- Skoðið dreifuna sjónrænt með tilliti til agna og upplitunar fyrir gjöf. Fargið bóluefninu ef agnir eru til staðar og/ eða ef það virðist upplitað.

- Tvær nálar af mismunandi lengd fylgja með pakkanum, veljið viðeigandi nál til að tryggja sé að sprautað sé í vöðva (i.m.) með hliðsjón af stærð og þyngd sjúklings.
- Skrófið nálina í sprautuhólkinn réttisælis þar til nálin er tryggilega föst á sprautunni. Sprautið heildarskammtinum í samræmi við hefðbundnar verklagsreglur.
- Sprautið lyfinu strax í vöðva (i.m.), helst í axlarvöðva upphandleggs eða hliðlægt ofarlega framan á lærvöðva.
- Nota skal bóluefnið eins og það kemur fyrir. Nota skal allan ráðlagðan skammt bóluefnisins.

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

## 7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Merck Sharp & Dohme Ltd, Hertford Road, Hoddesdon, Hertfordshire EN11 9BU, Bretland

## 8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

Silgard stungulyf, dreifa:

EU/1/06/358/001  
EU/1/06/358/002  
EU/1/06/358/018

Silgard stungulyf, dreifa í áfylltri sprautu:

EU/1/06/358/003  
EU/1/06/358/004  
EU/1/06/358/005  
EU/1/06/358/006  
EU/1/06/358/007  
EU/1/06/358/008  
EU/1/06/358/019  
EU/1/06/358/020  
EU/1/06/358/021

## 9. DAGSETNING Fyrstu ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 20. september 2006  
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 20. júlí 2011

## 10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

{MM/ÁÁÁÁ}

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu> og á vef Lyfjastofnunar (<http://www.serlyfjaskra.is>).

## VIÐAUKI II

- A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGGA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT
- B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN
- C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS
- D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

**A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT**

Heiti og heimilisfang framleiðenda líffræðilegra virkra efna

Merck Sharp & Dohme Corp,  
Sumneytown Pike  
P.O.Box 4  
West Point  
PA 19486  
Bandaríkin

Merck Sharp & Dohme Corp.  
2778 South East Side Highway  
Elkton  
Virginia 22827  
Bandaríkin

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt

Merck Sharp & Dome BV  
Waarderweg 39  
2031 BN Haarlem  
Holland

Heiti og heimilisfang framleiðanda sem er ábyrgur fyrir lokasamþykkt viðkomandi lotu skal koma fram í útprentuðum fylgiseðli.

**B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN**

Lyfið er lyfseðilsskylt.

• **Opinber lokasamþykkt**

Samkvæmt ákvæðum 114. greinar tilskipun 2001/83/EB annast opinber rannsóknarstofa eða rannsóknarstofa sem tilnefnd er til þess, opinbera lokasamþykkt.

**C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**

• **Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)**

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

**D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

• **Áætlun um áhættustjórnun**

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytinga á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágmörkun áhættu) næst.

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

**VIÐAUKI III**  
**ÁLETRANIR OG FYLGISEÐILL**

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi



## A. ÁLETRANIR

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM  
ORÐSENDING Á YTRI ÖSKJU**

**Silgard , stungulyf, dreifa – hettuglas með stökum skammti, pakkning með 1, 10 eða 20 einingum**

**1. HEITI LYFS**

Silgard, stungulyf, dreifa.

Bóluefni gegn mannapíllomaveiru [af gerð 6, 11, 16, 18] (raðbrigði, aðsogað).

**2. VIRK(T) EFNI**

1 skammtur (0,5 ml) inniheldur:

Mannapíllomaveira af gerð 6 L1 prótein 20 µg

Mannapíllomaveira af gerð 11 L1 prótein 40 µg

Mannapíllomaveira af gerð 16 L1 prótein 40 µg

Mannapíllomaveira af gerð 18 L1 prótein 20 µg

aðsogað á myndlaust ál-hýdroxý-fosfat-súlfat (0,225 mg Al)

**3. HJÁLPAEFNI**

Natríumklóríð, L-histidín, pólýsorbat 80, natríumbórat. Vatn fyrir stungulyf.

**4. LYFJAFORM OG INNIHALD**

Stungulyf, dreifa.

1 skammtur í hettuglasi, 0,5 ml.

10 stakir skammtar í hettuglasi, 0,5 ml hver.

20 stakir skammtar í hettuglasi, 0,5 ml hver.

**5. AÐFERÐ VIL LYFSAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)**

Til notkunar í vöðv. (i.m.).

Hristist vel fyrir notkun.

Lesið fylgileitina fyrir notkun.

**6. Sérstök varnadarorð um að lyfið skuli geymt þar sem börn  
hvorki ná til né sjá**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF**

**8. FYRNINGARDAGSETNING**

EXP MM/ÁÁÁÁ

**9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI**

Geymið í kæli.  
Má ekki frjósa.  
Geymið hettuglasið í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

**10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**

**11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

Merck Sharp & Dohme Ltd  
Hertford Road, Hoddesdon  
Hertfordshire EN11 9BU  
Bretland

**12. MARKAÐSLEYFISNÚMER**

EU/1/06/358/001 – pakkning með 1 einingu  
EU/1/06/358/002 – pakkning með 10 einingum  
EU/1/06/358/018 – pakkning með 20 einingum

**13. LOTUNÚMER**

Lot

**14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN**

**15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR**

**16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI**

**17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI**

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

**18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ**

PC:  
SN:  
NN:

**LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA  
ÁLETRUN HETTUGLASS**

**1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)**

Silgard, stungulyf, dreifa.  
Til i.m. notkunar.

**2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF**

**3. FYRNINGARDAGSETNING**

EXP MM/ÁÁÁÁ

**4. LOTUNÚMER**

Lot

**5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMÁL EÐA FJÖLDI EININGA**

1 skammtur, 0,5 ml.

**6. ANNAD**

Merck Sharp & Dohme Ltd

**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM  
ÁLETRUN YTRI ÖSKJU**

**Silgard, stungulyf, dreifa – áfyllt sprauta án nálar, þakning með 1, 10 eða 20 einingum**

**1. HEITI LYFS**

Silgard, stungulyf, dreifa í áfylltri sprautu.

Bóluefni gegn mannapiillomaveiru [af gerð 6, 11, 16, 18] (raðbrigði, aðsogað).

**2. VIRK(T) EFNI**

1 skammtur (0,5 ml) inniheldur:

Mannapiillomaveira af gerð 6 L1 prótein 20 µg

Mannapiillomaveira af gerð 11 L1 prótein 40 µg

Mannapiillomaveira af gerð 16 L1 prótein 40 µg

Mannapiillomaveira af gerð 18 L1 prótein 20 µg

aðsogað á myndlaust ál-hýdroxý-fosfat-súlfat (0,225 mg Al).

**3. HJÁLPAEFNI**

Natríumklóríð, L-histidín, pólýsorbat 80, natríumbórat, vatn fyrir stungulyf.

**4. LYFJAFORM OG INNIHALD**

Stungulyf, dreifa í áfylltri sprautu.

1 skammtur, 0,5 ml áfyllt sprauta án nálar.

10 stakir skammtar, 0,5 ml áfylltar sprautar án nálar.

20 stakir skammtar, 0,5 ml áfylltar sprautar án nálar.

**5. AÐFERÐ VIL LYFSAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)**

Til notkunar í vöðv. (i.m.).

Hristist vel fyrir notkun.

Lesið fylgileitina fyrir notkun.

**6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN  
HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF**

**8. FYRNINGARDAGSETNING**

EXP MM/ÁÁÁÁ

**9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI**

Geymið í kæli.  
Má ekki frjósa.  
Geymið sprautuna í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

**10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á****11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

Merck Sharp & Dohme Ltd  
Hertford Road, Hoddesdon  
Hertfordshire EN11 9BU  
Bretland

**12. MARKAÐSLEYFISNÚMER**

EU/1/06/358/003 – pakkning með 1 einingu  
EU/1/06/358/004 – pakkning með 10 einingum  
EU/1/06/358/019 – pakkning með 20 einingum

**13. LOTUNÚMER**

Lot

**14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN****15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR****16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI****17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI**

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

**18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ**

PC:  
SN:  
NN:

**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM****ÁLETRUN YTRI ÖSKJU****Silgard, stungulyf, dreifa – áfyllt sprauta með einni lausri nál, þakning með 1, 10 eða 20 einingum****1. HEITI LYFS**

Silgard, stungulyf, dreifa í áfylltri sprautu.

Bóluefni gegn mannapíllomaveiru [af gerð 6, 11, 16, 18] (raðbrigði, aðsogað).

**2. VIRK(T) EFNI**

1 skammtur (0,5 ml) inniheldur:

Mannapíllomaveira af gerð 6 L1 prótein 20 µg

Mannapíllomaveira af gerð 11 L1 prótein 40 µg

Mannapíllomaveira af gerð 16 L1 prótein 40 µg

Mannapíllomaveira af gerð 18 L1 prótein 20 µg

aðsogað á myndlaust ál-hýdroxý-fosfat-súlfat (0,225 mg Al).

**3. HJÁLPAEFNI**

Natríumklóríð, L-histidín, pólýsorbat 80, natríumbórat, vatn fyrir stungulyf.

**4. LYFJAFORM OG INNIHALD**

Stungulyf, dreifa í áfylltri sprautu.

1 skammtur, 0,5 ml áfyllt sprauta með einni lausri nál.

10 stakir skammtar, 0,5 ml áfylltar sprautar, hver með einni lausri nál.

20 stakir skammtar, 0,5 ml áfylltar sprautar, hver með einni lausri nál.

**5. AÐFERÐ VIL LYFSAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)**

Til notkunar í vöðv. (i.m.).

Hristist vel fyrir notkun.

Lesið fylgileitina fyrir notkun.

**6. Sérstök varnadarorð um að lyfið skuli geymt þar sem börn hvorki ná til né sjá**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF****8. FYRNINGARDAGSETNING**

EXP MM/ÁÁÁÁ

**9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI**

Geymið í kæli.  
Má ekki frjósa.  
Geymið sprautuna í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

**10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**

**11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

Merck Sharp & Dohme Ltd  
Hertford Road, Hoddesdon  
Hertfordshire EN11 9BU  
Bretland

**12. MARKAÐSLEYFISNÚMER**

EU/1/06/358/005 – pakkning með 1 einingu  
EU/1/06/358/006 – pakkning með 10 einingum  
EU/1/06/358/020 – pakkning með 20 einingum

**13. LOTUNÚMER**

Lot

**14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN**

**15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR**

**16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI**

**17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI**

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

**18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ**

PC:  
SN:  
NN:



**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM  
ÁLETRUN YTRI ÖSKJU**

**Silgard, stungulyf, dreifa – áfyllt sprauta með tveimur lausum nálum, pakkning með 1, 10 eða 20 einingum**

**1. HEITI LYFS**

Silgard, stungulyf, dreifa í áfylltri sprautu.  
Bóluefni gegn mannapíllomaveiru [af gerð 6, 11, 16, 18] (raðbrigði, aðsogað).

**2. VIRK(T) EFNI**

1 skammtur (0,5 ml) inniheldur:

Mannapíllomaveira af gerð 6 L1 prótein 20 µg

Mannapíllomaveira af gerð 11 L1 prótein 40 µg

Mannapíllomaveira af gerð 16 L1 prótein 40 µg

Mannapíllomaveira af gerð 18 L1 prótein 20 µg

aðsogað á myndlaust ál-hýdroxý-fosfat-súlfat (0,225 mg Al).

**3. HJÁLPAEFNI**

Natríumklóríð, L-histidín, pólýsorbit 80, natríumbórat, vatn fyrir stungulyf.

**4. LYFJAFORM OG INNIHALD**

Stungulyf, dreifa í áfylltri sprautu.

1 skammtur, 0,5 ml áfyllt sprauta með tveimur lausum nálum.

10 stakir skammtar, 0,5 ml áfylltar sprautur, hver með tveimur lausum nálum.

20 stakir skammtar, 0,5 ml áfylltar sprautur, hver með tveimur lausum nálum.

**5. AÐFERÐ VIL LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)**

Til notkunar í öðva (i.m.).

Hristist vel fyrir notkun.

Lesið fylgiseðlinn fyrir notkun.

**6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN  
HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF**

**8. FYRNINGARDAGSETNING**

EXP MM/ÁÁÁÁ

**9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI**

Geymið í kæli.  
Má ekki frjósa.  
Geymið sprautuna í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

**10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á****11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

Merck Sharp & Dohme Ltd  
Hertford Road, Hoddesdon  
Hertfordshire EN11 9BU  
Bretland

**12. MARKAÐSLEYFISNÚMER**

EU/1/06/358/007 – pakkning með 1 einingu  
EU/1/06/358/008 – pakkning með 10 einingum  
EU/1/06/358/021 – pakkning með 20 einingum

**13. LOTUNÚMER**

Lot

**14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN****15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR****16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI****17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI**

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

**18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ**

PC:  
SN:

NN:

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

**LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA**  
**Áletrun áfylltrar sprautu**

**1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)**

Silgard, stungulyf, dreifa í áfylltri sprautu.

Til i.m. notkunar.

**2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF**

**3. FYRNINGARDAGSETNING**

EXP MM/ÁÁÁÁ

**4. LOTUNÚMER**

Lot

**5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA**

1 skammtur, 0,5 ml.

**6. ANNAD**

Merck Sharp & Dohme Ltd.

**B. FYLGISEÐILL  
(Hettuglös)**

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

## Fylgisedill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Silgard, stungulyf, dreifa

Bóluefni gegn mannapapillomaveiru (HPV) [af gerðum 6, 11, 16, 18] (raðbrigða, aðsogað)

**Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en þú eða barnið þitt er bólusett. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

**Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:**

1. Upplýsingar um Silgard og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Silgard
